



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
101 Reykjavík
sent á netfangið nefndasvid@althingi.is

Neskaupstaður 30. desember 2023

Efni: Umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands um tillögu til þingsályktunar um landskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) hafa mótttekið erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um ofangreint mál. Skilafrestur var til 15. desember 2023, en með tölvupósti til nefndasviðs Alþingis óskuðu samtökin eftir fresti, sem var veittur. NAUST þakkar fyrir frestinn og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framtíðarsýn

Í landsskipulagsstefnunni er mörgum orðum farið um umhverfi og náttúru. Því er fagnað, en einhverjar viðvörunarbjöllur hringja þó í eyrum lesanda. Nokkuð misræmi virðist vera milli framtíðarsýnar, lykilviðfangsefna og markmiða, þar sem náttúruvernd er efst á lista markmiða en lesa þarf milli lína til að finna hana í framtíðarsýninni. Betur færi að fjalla skýrum orðum um náttúruvernd undir lið I (Framtíðarsýn og meginmarkmið), t.d. „Skipulag sýni náttúrunni virðingu og stuðli að verndun hennar fyrir komandi kynslóðir“. Sem okkar eina heimili, matarkista o.s.frv. er eðlilegt að náttúrunni sé sýnd virðing þegar kemur að skipulagi (gov.uk/government/publications/final-report-the-economics-of-biodiversity-the-dasgupta-review).

Samband lífríkis og loftslags

Skilgreining lykilviðfangsefna undir lið II sýnir ákveðna gjá sem samfélagsumræðan hefur því miður grafið milli loftslags og náttúru sem þó eru eitt. Í listanum eru viðbrögð við loftslagsbreytingum efst á blaði en vernd líffræðilegrar fjölbreytni neðst. Hér er ekki verið að ýja að því að listinn raði viðfangsefnum eftir mikilvægi. Í staðinn snýst athugasemdin um það að þessi málefni séu yfirhöfuð aðskilin og að í gegnum skjalið í heild halli mjög á síðarnefnda atriðið. Það getur leitt til vandamála, t.d. þegar óþarft rask á náttúrunni er réttlætt með fyrirheitum um að laga með því loftslagið.

Dæmi um slík áform hrannast upp hér á landi sem og erlendis. Þá er gjarnan bent á neikvæð áhrif loftslagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni en það getur verið villandi, því þó að loftslagsbreytingar hafi þar vissulega áhrif (enda eru þessi atriði krosstengd) vegur eyðing vistkerfa þar þyngra (doi.org/10.1111/conl.12868). Náttúruleg vistkerfi eru nú þegar orðin af mjög skornum skammti í heiminum en til marks um það eru villt dýr aðeins um 4% af lífmassa spendýra, hin 96% eru mannfólk og húsdýr (doi.org/10.1073/pnas.171184211).

Þegar loftslagsbreytingar og hrun líffræðilegs fjölbreytileika eru skoðuð saman koma ókostir þess að sinna öðru atriðinu á kostnað hins í ljós og þar með möguleg skaðsemi þess að stilla atriðunum upp í sitthvoru lagi. Segja má að þetta sé tiltölulega nýkomið inn í samfélagsumræðuna miðað við þekkingu sem nú hefur safnast á loftslagsbreytingum. En þar sem landsskipulagsstefnan nær fram til ársins 2038 er mikilvægt að hún sé framsýn og styðjist við nýjustu þekkingu hverju sinni. Í þessu samhengi vill NAUST öðru framar koma eftirfarandi á framfæri:

Loftslagsbreytingar og hrun líffræðilegs fjölbreytileika eru ekki tvö aðskilin vandamál heldur tvær af mörgum afleiðingum sama vandamálsins, sem er ofnýting auðlinda.

NAUST vill því leggja til að lykilviðfangsefni nr. 1 (Viðbrögð við loftslagsbreytingum) og nr. 9 (Vernd líffræðilegrar fjölbreytni) verði sameinuð í eitt „Viðbrögð við ofnýtingu auðlinda“. Í kjölfarið þarf að endurskoða þær áherslur þar sem bara annað hvort atriðið er tekið fyrir og aðlaga þær að þessari breytingu.

Það krefst talsverðrar textavinnu, enda er loftslag og kolefni mjög víða til umfjöllunar. Þó það sé í sjálfu sér ákaflega jákvætt vantar víða að benda á að náttúran gerir meira fyrir okkur en eingöngu að geyma kolefni. Ofuráhersla á loftslagið misskilgreindir vandamálið og þ.a.l. líka lausnirnar. Það getur leitt til þess að ráðist verði í aðgerðir sem gera illt verra. Hins vegar, ef viðfangsefni nr. 1 og 9 verða sameinuð, með skáletraða textann hér að ofan í huga, mun landsskipulagsstefnan skilgreina betur rót vandans sem við glíum við í stað þess að eltast við einkenni. Með því stóraukast líkur á árangri.

Ofnýting og sóun auðlinda

Talsverð áhersla er á orkumál í landsskipulagsstefnunni og í því sambandi vill NAUST gjarnan koma eftirfarandi atriðum á framfæri. Í einu langorkuríkasta landi heims er „orkuskortur“ tilbúið vandamál sem skapast hefur vegna þess að gríðarlegt magn orku hefur verið selt til stóriðju. Stóriðjan sækir í ódýra orku og því verður alltaf eftirspurn eftir þeim sem selja sig ódýrast, en Ísland er í fjórða neðsta sæti í heiminum yfir verðmætasköpun á hverja orkueiningu (landvernd.is/af-hverju-nyta-islendingar-raforkuna-sina-svo-illa). Við seljum okkur því ansi ódýrt, og fyrir hvað? Til að framleiða 850 þúsund tonn af áli á meðan Bandaríkin urða 2,7 milljónir tonna af áli (epa.gov/facts-and-figures-about-materials-waste-and-recycling/aluminum-material-specific-data)? Er náttúran okkar ekki meira virði en svo að fórn henni fyrir gosdósir sem enda á ruslahaugum erlendis eftir eina notkun? Eða þurfum við að fara að huga að því hvað verður um hlutina þegar við tökum ákvarðanir um það hvað á að framleiða og hverju á að fórn vegna þess? Það er einmitt einn lykilþáttur í hringrásarhagkerfinu, að hugsa dæmið til enda. Því verður sá hugsunarháttur að ríkja í landsskipulagsstefnunni.

Það skal tekið skýrt fram að NAUST er alls ekki að leggja til að hægt verði á orkuskiptum, heldur að hringrásarhagkerfið sé haft til hliðsjónar við orkuskiptin. Þeirri orku sem nú er sóað og hægt er með góðu móti að nýta þarf að koma til neytenda og huga betur að því í hvað orkan fer. Þannig tökum við á ofnýtingu auðlinda og lögum ekki einungis eitt vandamál heldur mörg á einu bretti. Samkvæmt greiningu Rafbílasambands Íslands duga 8% framleiddrar raforku (árið 2016) til að rafvæða allan bifreiðaflotann (samradsgatt.island.is/Skrar/\$Cases/GetAdviceFile/?id=cee71bcd-a930-e911-944d-005056850474). Svo vill til að við getum einmitt bætt nýtni þeirrar raforku sem nú þegar er framleidd um allt að 8% (landsvirkjun.is/frettir/getum-baett-nytni-raforku). Þótt einhver ár hafi liðið milli þessara útreikninga sóum við hugsanlega jafnmikilli orku og þarf í orkuskiptin vegna samganga á landi. Hluta hennar er erfitt

að nýta en ef við náum að nýta helminginn erum við komin hálf leið með að rafvæða bílaflotann og það án þess að raska einu einasta votlendi, víðernum eða búsvæðum plantna og dýra.

Rannsóknir hafa sýnt að aðgerðir til að vernda líffræðilega fjölbreytni hafa venjulega líka jákvæð áhrif á loftslagið (doi.org/10.1111/gcb.16109) enda binda heilbrigð vistkerfi jafnan kolefni. Því ætti að forðast í ystu lög að raska þeim vistkerfum sem enn eru lítt röskuð. Til þess að rask teljist réttlætanlegt þarf að liggja skýrt fyrir hvernig heildarumhverfisáhrif Íslands minnki við raskið.

Það sem helst veldur áhyggjum í núverandi tillögu um landsskipulagsstefnu er að hvergi virðist fjallað um leiðir til að draga úr ofnýtingu auðlinda, heldur virðist eini kosturinn að skipta einni nýtingaraðferð út fyrir aðra. Þó skipting yfir í endurnýjanlega orkugjafa sé afar jákvæð og nauðsynleg, dugar hún því miður ekki ein og sér. Frá 2002 til 2022 jókst orkuneysla á hvern jarðarbúa úr 18.000 í 21.000 kWst (ourworldindata.org/grapher/per-capita-energy-use). Mannfólki er því ekki aðeins að fjölga, heldur eykst neysla hvers jarðarbúa jafnt og þétt, á sama tíma og vitað er að draga þarf úr vistspori okkar til að sporna við allsherjarhruni þeirra kerfa sem eru undirstaða okkar lífs. Þurrðardagur Íslands (sá dagur ársins þegar allar auðlindir jarðar sem endurnýjast á einu ári kláruðust ef öll lönd höguðu sér eins og Ísland) er sennilega einhvern tímann í febrúar (kjarninn.is/skodun/jord-i-kofi). Því er ljóst að við megum ekki halda áfram að auka neyslu og sóun. Nú þegar göngum við of nærri jörðinni og í landsskipulagsstefnu verðum við að horfast í augu við það og taka á því.

Óþarflega miklar kröfur til sjálfbóðaliða

Fyrir almenna borgara og fjárveik samtök þeirra var fyrirliggjandi tillaga að landsskipulagsstefnu afar stór biti til að gaumgæfa eins og vert væri. Síðustu ár og áratugi hefur í nágrannalöndum og jafnvel hérlendis verið reynt að hemja flókna framsetningu og orðaval í opinberum skjölum auk textamagnsins sem stjórnvöld vilja að almenningur kynni sér. Í staðinn fyrir fjörutíu síður þar sem margir frasar endurtakast trúum við að það hefði hvatt fleiri þegna til lestrar og opinna umræðu að skylda atvinnufólkið sem fékk borgað fyrir að setja saman tillöguna til að stytta hana og hugsa um lesendur sem eru ekki á launum í faginu. Ef lesendur og félög þeirra ná að nýta sér lýðræði þessa lands geta þau sent inn skilmerkilegar og gagnlegar ábendingar. Allavega hjá NAUST féllust nokkrum félagsmönnum hendur við þennan yfirþyrmandi texta. Þótt málefnið væri mikils vert höfðu þeir varla tíma í sjálfbóðavinnu til að rýna í hvern kafla fyrir sig, hvað þá heildina rétt í kringum jól.

Að lokum

Náttúruverndarsamtök hafa löngum verið skrefi á undan sinni samtíð. Sem dæmi má nefna að árið 1987 hvatti NAUST stjórnvöld til að móta stefnu um sölu einnota umbúða í landinu m.t.t. umhverfisverndar, löngu áður en vandræði sem fylgja plasti birtust að ráði í samfélagsumræðunni. Því er mikilvægt að frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar taki virkan þátt í mótun viðbragða við umhverfisvandnum og að á þau sé hlustað. Þjóðin og allur heimurinn þarf hringrásarhagkerfi strax. Landsskipulagsstefna getur verið mikilvægur liður í að koma því áfram. NAUST vill því biðla til stjórnvalda að missa ekki af því tækifæri.

Virðingarfyllt, f.h. NAUST

Guðrún Óskarsdóttir og Philip Vogler